

1973 til 16. maí s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 33.000 í málskostnað.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi Vegagerð ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurgeirs V. Sigurgeirssonar, í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 99.459 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000 í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. desember 1975.

Nr. 164/1975. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
 gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari Þorsteinssyni og
Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Landskipti. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 7. nóvember 1975, sem Hæstarétti barst 20. s. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 29. október 1975. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðs-

dómara „aðallega að dómkveðja þrjá óvillhalla og hæfa utan-héraðsmenn til að framkvæma undirlandskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara að dómkveðja fjóra utanhéraðsmenn til að framkvæma yfirlandskipti á jörðinni“. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 9. október 1975, kom fram greinargerð af hendi sóknaraðilja, en ekki var sótt þing af þeirra hálfu. Af hálfu varnaraðilja var ekki sótt þing, og ekki verður séð, að þeim hafi verið gefinn kostur á þingsókn.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, bar héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 að gera varnaraðiljum aðvart um þinghaldið og gefa þeim kost á að lýsa viðhorfi sínu til dómkvaðningarbeiðni sóknaraðilja, áður en úrskurður yrði lagður á málsefnið. Þar sem héraðsdómari gætti þessa ekki, ber að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 29. október 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 29. október, var á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem Sigurður Gizurarson sýslumaður hélt í skrifstofu embættisins í Húsavík, kveðinn upp úrskurður í aukadómþingsmálinu nr. 10/1975: Magnús Thorlacius f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar gegn Þorsteini Aðalsteinssyni, Gunnari og Þorsteini Þorsteinssonum, en mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Málið er til komið vegna beiðni Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar um, að dómkvaddir verði 3 undirlandskiptamenn til að framkvæma landskipti á Geiteyjarströnd II, og til vara, ef við þeirri beiðni verður ekki orðið, að dómkvaddir verði 4 yfirlandskipta-

menn til að framkvæma yfirlandskipti samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941. Skal nú víkja að málavöxtum og úrskuður lagður á málið.

Í greinargerð sóknaraðilja í matsmálinu, eins og hann nefnir það, eru þessar dómkröfur gerðar:

Aðallega að dómkvaddir verði þrír óvilhallir og hæfir utan-héraðsmenn til að framkvæma umbeðin landskipti á jörðinni Geit-eyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara, að dómkvaddir verði fjórir óvilhallir og hæfir yfirmatsmenn til að framkvæma umbeðin skipti. Krafist er málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Aðalkrafa. Lög nr. 46/1941 um landskipti geyma ákveðnar reglur um, hverjir séu landskiptamenn til að framkvæma skipti samkvæmt lögnum, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt þeirri grein skal ekki dómkveðja matsmennina. Úttektarmenn skulu vera matsmenn hver í sínu umdæmi. Þá skipar sýslumaður samkvæmt 46. gr. laga nr. 36 frá 29. mars 1961. Þriðja manninn, oddamann, skal sýslumaður og kveðja til skiptagerðar, sbr. nefnda 4 gr. landskiptalaganna.

Lögmaður sóknaraðilja rökstyður dómkröfu sína um dómkvaðningu 3 hæfra og óvilhallra matsmanna við það, að löglegir matsmenn hafi hafnað að framkvæma skiptin á augljóslega röngum forsendum og því gerst vanhæfir með því að gegna ekki skyldu sinni.

Í landskiptalögum nr. 46/1941 er gert ráð fyrir því, að landskiptamenn kunni að hafna að taka til greina kröfu um landskipti, sbr. 1. gr., 3. gr. og 6. gr. laga nr. 46/1941. Hvergi er í lögnum að finna heimild til þess, að sýslumaður taki að segja matsmönnum fyrir um störf þeirra. Samkvæmt þessu er engin lagaheimild til að dómkveðja matsmenn né heldur er þannig unnt að ganga gegn þeirri skipan, sem lög nr. 46/1941 mæla fyrir um. Ef matsmenn hefðu verið vanhæfir, sbr. meginreglur í 46. gr. laga nr. 85/1936, hefðu varaúttektarmenn átt að taka við matsstörfum og nýr oddamaður að kveðjast til með stjórnsýslugerningi. En þar sem landskiptamennirnir hafa ekki orðið vanhæfir samkvæmt meginreglum 36. gr. laga nr. 85/1936, hafa ekki aðrir landskiptamenn komið í þeirra stað.

Varakrafa. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941 skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat. Frestur til að krefjast yfirmats er 6 mánuðir frá þeim degi, er skipti fóru fram við undirmat, sbr. niðurlag 5. gr. laga nr. 46/1941. Að vísu höfnuðu

undirmatismenn að framkvæma landskiptin og skráðu þá ákvörðun sína í fundargerð, en eðlilegt virðist, að þá gildi einnig 6 mánaða frestur sá, sem 5. gr. laganna mælir fyrir um:

Undirmatismenn höfðu kröfu um landskipti á skiptafundi 9. október 1974. Lögmanni skiptabeiðanda var tilkynnt um skiptafund þennan með símskeyti, og mætti Jón Illugason, oddviti Skútustaðahrepps, af hálfu skiptabeiðenda. Þetta kemur fram í greinargerð lögmanns skiptabeiðenda. Samkvæmt þessu hafði lögmaðurinn full tök á að kynna sér, hvað hafði gerst á fundinum strax eftir fundinn. Hann beiðist hins vegar ekki dómkvaðningar yfirmatsmanna fyrr en í júní 1975. Var því 6 mánaða fresturinn liðinn. Því er ekki unnt að verða við beiðninni um dómkvaðningu yfirmatsmanna.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Krafa Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar um dómkvaðningu þriggja hæfra og óvilhallra utanhéraðsmanna til að framkvæma landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi er ekki tekin til greina.

Krafa sömu aðilja um dómkvaðningu 4 óvilhallra manna til að framkvæma yfirlandskipti á Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi er ekki tekin til greina.